



Kópavogsbær

Breyting á skipulagi og stjórnháttum Kópavogsbæjar

Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri
Bæjarstjórn Kópavogs, 25. febrúar 2025

Samþykkt í bæjarráði 30. maí 2024

24053362 - Úttekt og skoðun á verklagi og verkferlum við eftirlit bæjarráðs með stjórnarsýslu og fjármálastjórn bæjarins

Lögð fram tillaga bæjarráðs um að hefja þegar í stað úttekt og skoðun á verklagi og verkferlum við eftirlit bæjarráðs með stjórnarsýslu og fjármálastjórn bæjarins.

Bæjarráð gerir svofellda samþykkt samhljóða:

Bæjarráð samþykkir að hefja þegar í stað úttekt og skoðun á verklagi og verkferlum við eftirlit bæjarráðs með stjórnarsýslu og fjármálastjórn bæjarins og við undirbúning og gerð ársreiknings. Til verksins verði fenginn utanaðkomandi sérfræðingur, sá hinn sami og vinnur að endurskoðun bæjarmálasamþykktar Kópavogs. Markmiðið er að skýra ábyrgð, hlutverk og verkefni og efla eftirlitshlutverk bæjarráðs. Skoðaðir verði kostir þess og gallar að koma á fót innri endurskoðun bæjarins og endurskoðunarnefnd í samræmi við ábendingar endurskoðanda. Samstaða er um að nánari útfærsla verkefnisins verði í erindisbréfi, sem fulltrúar meirihluta og minnihluta vinni með sérfræðingnum og lagt verði fyrir bæjarráð til samþykktar. Lagt verður upp með að nýtt fyrirkomulag verði samþykkt í haust og taki gildi fyrir gerð og endurskoðun ársreiknings Kópavogsbæjar fyrir árið 2024.



Skýrsla Strategíu



STRATEGÍA

ÚTTEKT Á SKIPULAGI OG
STJÓRNARHÁTTUM
KÓPAVOGSBÆJAR

12. FEBRÚAR 2024

TRÚNAÐARMÁL



Skilvirk og árangursrík stjórnun – S-in þrjú

STRATEGÍA

STEFNUMÖRKUN

SKIPULAG

STJÓRNARHÆTTIR

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026

3.1 STEFNUMÖRKUN OG INNLEIÐING Á STEFNUM

STEFNUMÖRKUN KÓPAVOGSBÆJAR


1. Samræma þarf heildarsýn bæjarins á ákveðin málefni sem birtast í ýmsum innri stefnum og aðgreina betur innri og ytri stefnu Kópavogsbæjar
2. Móta þarf verklag í kringum skipan nefnda, annarra en ráða, sem settar eru á fót frá einum tíma til annars, sem m.a. kunna að vinna að nýrri stefnumörkun á nýjum sviðum eða endurskoðun gildandi stefnumörkunar, s.s. skv. breyttum pólitískum áherslum hverju sinni, lagakröfum o.s.frv.
3. Móta stefnur um fjármagnsskipan, áhættustýringu og fasteignastefnu og stefnu vegna eignarhalds í félögum
4. Móta stefnu Kópavogsbæjar í stafrænni þróun og sjálfvirknivæðingu, aðgerðaáætlun og skilgreina mælanleg markmið þ.m.t. tryggja nauðsynlega fjármögnun
5. Móta heildstæða þjónustustefnu Kópavogsbæjar gagnvart íbúum í samráði við fagsvið bæjarins

INNLEIÐING Á STEFNUM

1. Tengja þarf stefnur Kópavogsbæjar við áherslur sveitarfélagsins og forgangsraða þeim verkefnum sem unnið verður að út núverandi kjörtímabil í starfsáætlun fastanefnda
2. Skilgreina mælanleg markmið fyrir þau verkefni sem verða í forgangi út kjörtímabilið og tengja við starfsáætlanir fastanefnda.
3. Tryggja markvissa innleiðingu á mannauðsstefnu og aðgerða á grundvelli reglulegra mælinga á starfsánægju, hollustu og tryggð starfsfólks
4. Móta sameiginlega sýn á framsetningu gagna og mælaborð bæjarins þ.m.t. hverjir eru notendur upplýsinganna og hverjir hafa aðgang að þeim - og hver er tilgangur þeirra upplýsingamiðlunar
5. Bæta innra skipulag fyrir stjórnendur og kjörna fulltrúa þar sem góð yfirsýn næst yfir innleiðingu gildandi stefna
6. Setja upp mælaborð sem vaktar innleiðingu gildandi stefna og áætlana og árangur einstakra verkefna út frá mælanlegum markmiðum
7. Koma á ferli vandaðrar ákvarðanatöku við innleiðingu á stefnum Kópavogsbæjar
8. Fræða starfsfólk betur um stefnur bæjarins – innri og ytri

3.2 UMBÆTUR Í SKIPULAGI

1. Skilgreina og skerpa á hlutverki, umboði og ábyrgð (HUÁ) einstakra sviða og skrifstofa og stjórnareininga þeirra og stjórnenda eins og nánar greinir í skýrslunni
2. Afmarka þarf verkefni einstakra sviða, skrifstofa, stjórnareininga þeirra og stjórnenda og lykla verkefni
3. Afmörkun á HUÁ og lyklun verkefna verði jafnframt útfærð gagnvart bæjarstjórn, ráðum og nefndum í samræmi við drög að bæjarmálasamþykkt
4. Bæta þarf samspil fagsviða og miðlægra skrifstofa með því að samræma miðlæga þjónustu innan fagsviða við miðlægar einingar
5. Stjórnsýslusvið og fjármálasvið verða lögð niður í núverandi mynd
6. Bæjarritari verði staðsettur beint undir bæjarstjóra
7. Stofnuð verður skrifstofa umbóta og þróunar sem mun vinna að innleiðingu þeirra stefna sem markaðar hafa verið hjá Kópavogsbæ auk þess að vinna að umbótum og þróun innan sveitarfélagsins og samskiptamálum í nánu samstarfi við bæjarstjóra og sviðsstjóra. Menningarmál verða hluti af skrifstofu umbóta og þróunar
8. Í stað núverandi stoðsviða verða auk skrifstofu umbóta og þróunar, þrjár skrifstofur settar upp sem heyra beint undir bæjarstjóra – 1) þjónusta, 2) áhættu- og fjárstýring og 3) mannauðs- og kjaramál.



3.3 UMBÆTUR Í STJÓRNARHÁTTUM


STJÓRNARHÆTTIR TENGDIR EINSTÖKUM STJÓRNAREININGUM

1. Innleiða nýja bæjarmálasamþykkt
2. Uppfæra og samræma **allar réttarheimildir** um hlutverk, umboð og ábyrgð einstakra stjórnareininga:
 - a) Öll verkefni skilgreind og færð á ábyrgð tiltekinnar stjórnareiningar /stjórnanda
 - b) Upplýsingagjöf og eftirlit útfærð
 - c) Örofin samræmd umboðskeðja mynduð
 - d) Skilvirkni og vönduð ákvarðanatöku tryggð
3. Koma á samræmdum starfsáætlunum fastanefnda sem byggja á stefnumörkun hverju sinni - og samræmdar aðgerðaráætlanir fagsviða skulu m.a. byggja á
4. Gera starfslýsingu fyrir bæjarstjóra og lykla verkefni – sér í lagi gagnvart bæjarráði
5. Setja á fót áhættu- og fjárstýringu sem m.a. beri ábyrgð á kortlagningu á áhættu, útfærslu áhættustefnu, skilgreiningu á áhættuvilja, innleiðingu á áhættustýringu og eftirfylgni með henni – sem og faglegum greiningum
6. Endurskoða starfslýsingar stjórnenda og lykla verkefni – sér í lagi gagnvart fagráði annars vegar vegna faglegra mála og bæjarstjóra/bæjarráði hins vegar miðlægra verkefna
7. Skilgreina lykilstarfsmenn og staðgengla þeirra
8. Skilgreina og setja á fót yfirstjórn Kópavogs

STJÓRNARHÆTTIR TENGDIR EINSTÖKUM VERKEFNUM

1. Útfæra góða stjórnarhætti við endurskoðun og mörkun stefna og innleiðingu þeirra – sér í lagi vegna
 - a) Stefnu um fjármagnsskipan
 - b) Stefnu um áhættustýringu
 - c) Fasteignastefnu
 - d) Stefnu vegna eignarhalds í félögum
2. Byggja upp greiningardeild innan áhættu- og fjárstýringar, og efla og samræma faglegar greiningar vegna innleiðingar á stefnum og áætlunum, í því skyni að stýra áhættu og bæta fjárstýringu, rekstur, afkomu og bestun efnahags
3. Við þá vinnu verði sérstaklega hugað að greiningum og markmiðasetningum, skilgreiningu HUÁ og lyklun verkefna og vandaðri ákvarðanatöku
4. Vanda þarf til verka við innleiðingu á bæjarmálasamþykkt, sér í lagi vegna útfærslu á stöðluðu formi erinda og innkaupamálum
5. Móta þarf verklag í kringum skipan nefnda, annarra en ráða, sem settar eru á fót frá einum tíma til annars, og sinna verkefnum sem ekki falla undir hefðbundin verkefni fagráða.
6. Formfesta ferli við gerð og innleiðingu fjárfestingaráætlunar og tryggja viðeigandi áhættustýringu, greiningar og mælaborð
7. Greiningar verði eflar í tengslum við fasteignasafn
8. Rýna HUÁ vegna nýframkvæmda og viðhalds, sér í lagi milli eignasjóðs og leigutaka

Tillaga að nýju skipuriti Kópavogsbæjar



Megin breytingar (1/4)

- Starfsemi innri endurskoðunar, sem hefur verið í skipuriti Kópavogsbæjar um árábil, verði skilgreind að nýju og verkefnum hennar útvistað skv. ákvörðun bæjarráðs hverju sinni.
- Stjórnsýslusvið verði lagt niður í núverandi mynd og ábyrgð á verkefnum verði skipt á milli bæjarritara, skrifstofu umbóta og þróunar, skrifstofu þjónustu, skrifstofu mannauðs- og kjaramála og menntasviðs eins og nánar er lýst hér á eftir.
- Á liðnum árum hefur sviðsstjóri stjórnsýslusviðs gegnt starfsskyldum bæjarritara og starfað sem formlegur staðgengill bæjarstjóra. Við breytingar nú verður starf bæjarritara skilgreint í skipuriti. Bæjarritari verður yfirmaður lögfræðiþjónustu, skjalaþjónustu og þjónustu við bæjarstjórn og fastanefndir. Einnig munu persónuverndarmál og um leið persónuverndarfulltrúi heyra undir bæjarritara.
- Starf deildarstjóra lögfræðideildar (bæjarlögmanns) á stjórnsýslusviði verður lagt niður í núverandi mynd og stofnað verður til nýs starfs teymisstjóra lögfræðiþjónustu (yfirlögfræðingur) sem heyrir undir bæjarritara. Þá verður starf fulltrúa bæjarlögmanns, sem starfar við innheimtu fjárfrafna, einnig lagt niður.
- Störf stefnustjóra og gæðastjóra verða lögð niður og verkefnum sem þar falla undir verður dreift á fagsvið og miðlægar skrifstofur. Eftirfylgni og innleiðing veður á skrifstofu umbóta og þróunar.



Megin breytingar (2/4)

- Ný skrifstofa umbóta og þróunar verður stofnuð og mun hún styðja við innleiðingu þeirra stefna sem markaðar hafa verið hjá Kópavogsbæ, auk þess að vinna að þverlægum verkefnum sem snúa að umbótum og þróun innan sveitarfélagsins, þróun stjórnendaupplýsinga og mælaborða, sem og markaðs- og samskiptamálum í nánú samstarfi við bæjarstjóra og framkvæmdastjórn sveitarfélagsins. Menningarmál eru ásýnd bæjarins út á við og mikilvægt talið að málaflokkurinn muni, auk þess tilheyra skrifstofunni, starfa í nánum tengslum við kynningar- og markaðsmál. Starfsemin verði að mestu óbreytt undir forystu forstöðumanns menningarmála utan þess að kynningar og markaðsmál flytjast beint undir umbóta- og þróunarstjóra.
- Ný skrifstofa þjónustu verður stofnuð og ber hún ábyrgð á framkvæmd þjónustustefnu sem bæjarstjórn mótar og að veita íbúum og starfsfólki framúrskarandi þjónustu. Þau verkefni sem skrifstofan ber ábyrgð á eru þjónustuver, upplýsingatækni, mötuneyti, fasteignaumsjón og innkaupamál.
- Þjónustuver velferðar- og stjórnsýslusviðs sameinast undir eitt þjónustuver á ábyrgð skrifstofunnar.
- Upplýsingatæknideild verði lögð niður og ný skrifstofa þjónustu annast síma og netmál, kerfis-, rekstrar- og notendaþjónustu og samskipti við ytri birgja varðandi upplýsingatæknimál, en áhersla verði lögð á útvistun upplýsingatæknimála eins og hagkvæmt þygi. Starf forstöðumanns UT deildar á stjórnsýslusviði verður lagt niður í núverandi mynd og stofnað verður til nýs starfs teymisstjóra upplýsingatækni sem heyrir undir þjónustustjóra.



Megin breytingar (3/4)

- Mannauðsdeild verður breytt í skrifstofu mannauðs- og kjaramála. Auk núverandi verkefna mun skrifstofan annast launabókhald sem og launavinnslu sem flyst frá fjármálasviði við niðurlagningu þess. Auk þess færist lögfræðipjónusta mannauðsdeildar yfir til bæjarritara, sem liður í því að veita alla lögfræðipjónustu frá einum stað.
- Staða mannauðsstjóra er færð til í skipuriti þannig að starfið heyri beint undir bæjarstjóra eins og aðrar nýjar skrifstofur sem verða stofnaðar. Á skrifstofu mannauðs- og kjaramála færist stöðugildi mannauðsráðgjafa velferðarsviðs af velferðarsviði til skrifstofunnar, mannauðstengd verkefni, sem nú eru á höndum verkefnastjóra á umhverfissviði og launafulltrúi menntasviðs flytjast á skrifstofu mannauðs- og kjaramála ásamt öðru starfsfólki launadeildar.
- Fjármálasvið verður lagt niður og samhliða verður lagt niður starf sviðsstjóra fjármálasviðs. Stofnað verður til skrifstofu áhættu- og fjárstýringar. Innkaupamál færast frá fjármálasviði yfir á nýja skrifstofu þjónustu og launabókhald og launavinnsla færast yfir á skrifstofu mannauðs- og kjaramála.
- Skrifstofa áhættu- og fjárstýringar mun einbeita sér að stefnumótun og greiningu á áhættu og fjárfestingum. Sérstök áhersla verði lögð á mörkun áhættustefnu og virkrar áhættustýringar í starfsemi og rekstri Kópavogsbæjar, fasteignastefnu og skipulega greiningarvinnu þvert á svið, ásamt gerð fjárfestingaáætlana. Rekstrarstjóri menntasviðs, skrifstofustjóri rekstrar velferðarsviðs og rekstrarfulltrúi menntasviðs færast yfir á nýja skrifstofu áhættu- og fjárstýringar.



Megin breytingar (4/4)

- Lýðheilsumál, sem voru á stjórnsýslusviði og unnin þvert á fagsvið, færast yfir á menntasvið.
- Samspil fagsviða og fyrrum stoðsviða, sem nú verða skrifstofur með aðkomu að framkvæmdastjórn, verður eflt og samræmt, með það að markmiði að efla samvinnu og auka skilvirkni þverlægra verkefna.
- Lögð verða niður störf sviðsstjóra fjármálasviðs, sviðsstjóra stjórnsýslusviðs, deildarstjóra lögfræðideildar (bæjarlögmanns), deildarstjóra upplýsingatæknideildar (forstöðumanns), stefnustjóra, gæðastjóra, fulltrúa bæjarlögmanns og sérfræðings lýðheilsamála í samræmi við ofangreindar skipulagsbreytingar.
- Starfsheiti stjórnenda nýju skrifstofanna verða þjónustustjóri, áhættu- og fjárstýringarstjóri, mannauðsstjóri og umbóta- og þróunarstjóri. Störfin heyra öll beint undir bæjarstjóra. Þá verður stöðuheitið sviðsstjóri stjórnsýslusviðs aflagt og eingöngu notast við stöðuheitið bæjarritari.



Að lokum

- Meginmarkmiðið með nýju skipuriti Kópavogsbæjar er að skýra og skerpa á hlutverki, umboði og ábyrgð einstaka stjórnareininga miðlægrar stjórnsýslu, auka skilvirkni og bæta þjónustu en um leið að afmarka, einfalda og straumlínulaga þverlæg verkefni sem snúa m.a. að fagsviðum.
- Við undirbúning stjórnkerfisbreytinga og nýs skipurits Kópavogsbæjar hefur sem leiðarljós verið litið á verkefnin út frá megin áherslum sveitarfélagsins sem er að efla þjónustu við íbúa í takt við stækkandi sveitarfélag. Brýnt þykir að skilgreina og skerpa á áherslum varðandi stjórnarhætti, auka skilvirkni, efla greiningar, áhættu- og árangursmat, samhæfa verkefni á milli sviða og deilda, nýta þá tækniþróun sem hefur orðið í samfélaginu betur og bæta aðbúnað starfsfólks svo sem kostur er.
- Með nýju skipuriti er dregið enn skýrar fram en áður að fagsvið Kópavogsbæjar stýra kjarnastarfsemi sveitarfélagsins og bera ábyrgð á að framkvæmd á þeirra vegum sé í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða stjórnarhætti. Skrifstofur og bæjarritari stýra hins vegar og veita ráðgjöf og hafa umboð gagnvart fagsviðum í þverlægum verkefnum, auk þess að styðja við fagsviðin í framkvæmd þeirra stefna og þess verklags sem skrifstofurnar leggja fram. Þá er lögð áhersla á að nýta sem best það fjármagn sem til ráðstöfunar er í starfsemi sveitarfélagsins.
- Þá er breytingum og nýjum áherslum í áhættu- og fjárstýringu ætlað að stýra áhættu með skipulegum hætti, þvert á rekstur sveitarfélagsins, með viðvarandi, reglulegum og samræmdum greiningum, upplýsingagjöf og eftirliti með innleiðingu á stefnum og áætlunum Kópavogsbæjar. Þannig er staðið vörð um góðan rekstur og ábyrga áhættu- og fjárstýringu hjá Kópavogsbæ.



